



Hvernig virkjum við liðið okkar?

Punktur sem gott er að hafa í huga til að tryggja að allir skemmti sér og liðinu gangi sem best

- Best er að skrá lesturinn jafnóðum, frekar en að skrá of mikið í einu.
- Montum okkur af lestrinum á samfélagsmiðlum. Það er svo gaman.
- Skorum á aðra í okkar geira. Það er fátt skemmtilegra en að keppa við jafningja okkar á léttu nóttunum. Fyrirtæki ættu að skora á fyrirtæki í sama geira, skólar á aðra skóla, nemendafélög á önnur nemendafélög, o.s.frv. Best er að nota Twitter eða Facebook, og ekki gleyma krossmerkinu #allirlesa.
- Búum til lista yfir bækur sem okkur eru hugleiknar og komum á framfæri á samfélagsmiðlum (sjá skjal um bókalista).
- Verum dugleg að minna á liðið okkar, bæði til að sýna okkur fyrir öðrum, en líka til að halda hver öðru við efnið. Meðal þess sem er hægt að gera:
 - Birta myndir á Instagram, Facebook eða Twitter af bókinni sem við erum að lesa.
 - Birta myndir af staðnum sem við veljum okkur til að lesa – stundum getur maður fundið sér stund til að lesa á óvenjulegum stöðum sem er gaman að sýna (til dæmis á þrekhjól í ræktinni, á steini í miðri fjallgöngu, í hléi í bíó, o.s.frv.).
 - Setja tilvitnanir í bókina sem við erum að lesa á samfélagsmiðlana.
 - Birta lista yfir upphalds bækurnar okkar. (Sjá neðar í þessu skjali.)
 - Eftirfarandi keðjustatus er gott að dreifa á Facebook, og merkja liðsfélagana og aðra vini í:
 - Skorað hefur verið á mig að gera lista yfir 5 bækur sem hafa haft áhrif á mig. Þetta þurfa ekki að vera vinsælustu, bestu eða verðlaunuðustu bækurnar, og ekki í neinni ákveðinni röð. Fyrir neðan merki ég svo 5 vini sem ég skora á að gangast við áskoruninni.
 - 1.
 - 2.
 - 3.
 - 4.
 - 5.Ég skora á:
#allirlesa
 - Fylgist með okkur á Facebook (<http://www.facebook.com/allirlesa>), Twitter (<http://www.twitter.com/allirlesa>) og Instagram (<http://www.instagram.com/allirlesa>). Þar koma inn skemmtilegar færslur á hverjum degi sem kjörið er að deila áfram til að peppa liðið upp.

Munum að nota alltaf krossmerkið #allirlesa til að auka athyglina á færslunum okkar.